

SÍL 2 hs.

Ársreikningur 2023

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	8
Skýringar .....	9
<i>Viðauki - óendurskoðuð fylgiskjöl:</i>	
Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 31.12.2023 .....	11
Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) .....	12

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

SÍL 2 hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2023 og er tilgangurinn að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru til sjóðsins gegn útgáfu skuldabréfa.

Ársreikningur sjóðsins SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísunum við í ársreikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu sem nam 75 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í árslok 2023 nam 1.075 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2024

Í stjórn:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður  
Guðmundur Jóhann Jónsson, meðstjórnandi  
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SÍL 2 hs.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SÍL 2 hs. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á hreinni eign á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Stefnis hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum SÍL 2 hs. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt SÍL 2 hs. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslu
Tilvist og virði verðbréfa með föstum tekjum	
Helsta eign sjóðsins eru verðbréf með föstum tekjum. Eins og sjá má í skýringu 7 við ársreikning sjóðsins þá er um að ræða verðtryggða og óverðtryggða lánasamninga.	Við höfum farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við uppreikning á virði verðbréfaeignarinnar.  Við höfum farið yfir að undirliggjandi lánasamningur sé til staðar í skjalavörslu sjóðsins.
Þar sem verðbréfaeignin er lang stærsti hluti efnahagsreiknings sjóðsins þá höfum við metið hana sem megináherslu í endurskoðuninni. Við teljum mikilvægast að eignin sé til staðar og að mat stjórnenda á virði hennar sé rétt.	Við höfum farið yfir hvort það séu trygg veð til staðar á bakvið lánasamningana ásamt því að fara yfir hvort lánin væru í skilum og að skuldari væri greiðsluhæfur.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

# Áritun óháðs endurskoðanda; frh.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum, frh.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SÍL 2 hs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árhlutareiknings og aðra staðfestingarvinnu. Deloitte hefur til staðar innri ferla sem tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefnd Stefnis að við erum óháð SÍL 2 hs.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörð endurskoðandi SÍL 2 hs. á aðalfundi Stefnis þann 16.03.2023. Deloitte hefur verið endurskoðandi SÍL 2 hs. síðan hann var stofnaður í janúar 2023.

Kópavogur, 21. febrúar 2024

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson

Endurskoðandi

Ársreikningur SÍL 2 hs. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

# Rekstrarreikningur 2023 (1)

		2023
	Skýr.	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	2-5	
Vaxtatekjur og verðbætur .....		379.952
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 365.822)
Virðisbreyting verðbréfa .....		4.696
Aðrar tekjur .....		32
<b>Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld) samtals</b>		<u>18.858</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Umsýslupóknun rekstraraðila .....	6	13.642
Annar rekstrarkostnaður .....		5.141
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>18.783</u>
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u>75</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023 (1)

		31.12.2023
	<b>Skýr.</b>	
<b>Eignir</b>		
Fjárfestingar:		
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	7.022.422
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8	1.347
	Fjárfestingar samtals	<u>7.023.769</u>
Aðrar eignir:		
Handbært fé .....	9	12.410
Aðrar eignir .....	10	0
	Aðrar eignir samtals	<u>12.410</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>7.036.179</u>
<b>Skuldir</b>		
Útgefin skuldabréf .....	13	7.023.139
Skuldir við tengd félög .....		8.923
Aðrar skuldir .....	11	3.042
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>7.035.104</u>
<b>Hrein eign í árslok .....</b>		<b>1.075</b>
Fjöldi útgefina hlutdeildarskírteina (í þús. ) .....		<u>1.000</u>
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok .....		<u>1,08</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign ársins 2023 (1)

	Skýr.	2023
Hrein eign í byrjun árs .....		0
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....		75
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....		1.000
	Fjármögnunarhreyfingar	1.000
<b>Hlutdeildarskírteini í árslok .....</b>		<b>1.075</b>

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur fjárfest í.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði ársreikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2024. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall, 0,4%, á ári af heildarstærð sjóðsins. Að fjárfestingartímabili loknu nemur þóknun rekstraraðila 0,35% á ári af heildareignum sjóðsins. Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun rekstraraðila.

Vísað er til skýringar 12 í ársreikningi Stefnis hf., þar sem gerð er grein fyrir öllum launum og launatengdum gjöldum starfsmanna Stefnis, bæði föstum og breytilegum ásamt fjölda starfsmanna.

Hægt er að nálgast ársreikning Stefnis á vefnum [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

Eignir sjóðsins eru að meirihluta óverðtryggðar m.v. árslok 2023. Nánari útlitun á þeim kemur fram í óendurskoðuðum viðauka aftan við skýringar ársreikningsins.

Við reglubundið mat á eignum sjóðsins er ekki talin ástæða til að færa virðisrýrnun.

### 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum í eigu sjóðsins eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í lok ársins.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 10. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

### 11. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

# Skýringar, frh.:

## 12. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## 13. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðsluflæði skuldabréfsins er óreglulegt. Skuldabréfin eru óverðtryggð með fljótandi vöxtum sem breytast á þriggja mánaða fresti. Vextir og afborganir taka mið af greiðslum undirliggjandi eigna að teknu tilliti til kostnaðar og endurfjárfestinga í samræmi við reglur skuldabréfsins. Afborganir geta því verið engar á gjalddögum skuldabréfsins ef greiðsluflæðið er nýtt til endurfjárfestinga.

Greiðslur af skuldabréfi í árslok 2023:

	Virði
Til greiðslu 2024 .....	23.139
Til greiðslu 2025 .....	0
Til greiðslu 2026 .....	0
Til greiðslu 2027 .....	0
Til greiðslu 2028 .....	0
Til greiðslu síðar .....	7.000.000
	<u>7.023.139</u>

Nafn- og raunávöxtun skuldabréfsins SIL 23 1 greinist þannig:

	2023	2022	2021	2020
Nafnávöxtun (1) .....	9,02%	-	-	-
Raunávöxtun (1) .....	3,54%	-	-	-

## 14. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	1,075	-	-	-
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	1,08	-	-	-

## 15. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafn- og raunávöxtun greinist þannig:

	2023	2022	2021	2020
Nafnávöxtun (1) .....	7,54%	-	-	-
Raunávöxtun (1) .....	( 0,43%)	-	-	-

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 31.12.2023

Lán-taki	Tegund veðs	Tekjur	Eignir	Fjárhæð	Loka-gjalddagi	Óverðtryggt/ verðtryggt	Tegund afborgana	Fjöldi gjald-daga pr.ár	Fram-leng-ingar-heimild	Útgáfu-dagur
1	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	256	01.06.2027	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		09.05.2022
2	Fasteignir	0, einungis fj.tekjur	500 - 1.000	260	03.09.2027	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		26.08.2022
3	Veltufé	4.500 - 6.000	2.500 - 5.000	250	01.08.2025	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12	2*12 mán	27.06.2022
4	Byggingaframkvæmdir	0, í framkvæmdum	1.000 - 2.500	46	10.02.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf	1		28.06.2022
5	Byggingaframkvæmdir	500 - 1.000	2.500 - 5.000	338	04.11.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf	1		04.11.2021
6	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	230	01.07.2032	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		13.04.2022
7	Fasteignir	Undir 100	1.000 - 2.500	190	06.05.2032	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		12.04.2022
8	Fasteignir	500 - 1.000	1.000 - 2.500	506	01.06.2032	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		29.06.2023
9	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	88	01.03.2048	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		24.03.2023
10	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	150	01.01.2047	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		21.12.2021
11	Fasteignir	100 - 500	2.500 - 5.000	374	01.06.2028	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		06.06.2023
12	Byggingaframkvæmdir	100 - 500	2.500 - 5.000	516	01.03.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf	1	3*12 mán	17.02.2022
13	Sjóðstreymi	1.000 - 2.500	1.000 - 2.500	444	01.08.2026	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12	1*3 ár	21.07.2023
14	Skráð hlbr	0, einungis fj.tekjur	1.000 - 2.500	67	01.04.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf	1		14.09.2023
15	Lóðafjármögnun	Undir 100	1.000 - 2.500	359	11.08.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf	1		14.08.2023
16	Fasteignir	100 - 500	2.500 - 5.000	324	02.03.2048	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		22.02.2023
17	Fasteignir	0, ekki í rekstri	0 - 500	251	03.04.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		29.03.2023
18	Fasteignir	100 - 500	1.000 - 2.500	283	01.02.2028	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		10.02.2023
19	Fasteignir	100 - 500	0 - 500	173	01.06.2027	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		25.02.2022
20	Skráð hlbr	0, einungis fj.tekjur	Yfir 7.500	529	01.12.2026	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubríf	1		30.11.2023
21	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	90	01.05.2043	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.05.2023
22	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	100	01.03.2025	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		28.02.2022
23	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	452	01.04.2025	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubríf	12		24.03.2023
24	Byggingaframkvæmdir	0, í framkvæmdum	2.500 - 5.000	462	20.06.2025	Óverðtryggt	Engreiðslubríf			04.07.2023
25	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	282	05.12.2028	Verðtryggt	Jafnar afborganir	4		18.12.2023

# Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Á árinu 2023 tók gildi sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem gerir SÍL 2 hs., skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy). Upplýsingar í samræmi við flokkunarreglugerðina eru birtar í fyrsta sinn í viðauka við ársreikning 2023.

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin innleiddu í íslenskan rétt tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB). Þar er um að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrri sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (flokkunarreglugerð ESB eða flokkunarreglugerðin).

Með flokkunarreglugerð ESB, sem tók fyrst að hluta gildi í ríkjum ESB þann 12. júlí 2020 en tók gildi að öllu leyti þann 1. janúar 2023, er í einföldu máli komið á fót samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist *umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi*.

Flokkunarreglugerðin hefur meðal annars það að markmiði að endurskipuleggja fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu, að auka gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf fyrirtækja í tengslum við hvaða atvinnustarfsemi getur talist umhverfislega sjálfbær og að sporna við svokölluðum grænþvotti sem felst í því að fyrirtæki skilgreini og markaðssetji starfsemi sem sjálfbæra án þess að fullnægjandi forsendur liggi því til grundvallar.

## Hæf starfsemi og umhverfislega sjálfbær

Atvinnustarfsemi er sögð vera hæf (e. eligible) ef hún er skilgreind í framseldum reglugerðum ESB, settum á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar, um þau tæknilegu matsviðmið sem atvinnustarfsemi þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfinu. Ef flokkunarkerfið nær yfir atvinnustarfsemi telst hún vera hæf. Hæfni gefur þó ekki til kynna hvort tiltekin starfsemi sé sjálfbær heldur einungis að til eru tæknileg matsviðmið fyrir starfsemina til að hægt sé að greina hana í samræmi við flokkunarkerfið.

Flokkunarreglugerðin setur fram sex umhverfismarkmið:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávarna
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvarnir- og eftirlit
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Fyrsta framselda reglugerð ESB, nr. 2021/2139 (framselda loftslagsreglugerðin) beinist að umhverfismarkmiðunum *mildun loftslagsbreytinga* og *aðlögun að loftslagsbreytingum*. Sú atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær nú yfir er starfsemi sem er mikilvæg til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og bæta viðnámsþol vegna þeirra. Þannig er t.d. framleiðsla, byggingar, orka og flutningar hæf starfsemi samkvæmt reglugerðinni. Með tímanum mun flokkunarkerfið ná yfir fleiri atvinnustarfsemi og hin fjögur umhverfismarkmiðin. Framseld reglugerð (ESB) 2023/2486 um þessi hin fjögur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB í desember og bíður innleiðingar hér á landi.

Til þess að atvinnustarfsemi geti talist vera umhverfislega sjálfbær (e. aligned) verður hún að falla undir eitt af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar, en má á sama tíma ekki skaða önnur markmið hennar. Þetta er til þess að komast hjá því að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær ef hún veldur síðan umhverfinu svo miklum skaða að það vegur þyngra en framlag starfseminnar til umhverfismarkmiðs. Að auki þarf starfsemin að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem snúa m.a. að mannréttindum og uppfylla tæknilegu matsviðmiðin (e. technical screening criteria).

## Skýrslugjöf 2023 í tengslum við flokkunarkerfið

Frá og með janúar 2022 hefur fyrirtækjum á markaði innan ESB verið skylt að birta í ársreikningum sínum upplýsingar um hæfar eignir. Ári síðar var upplýsingaskyldan útvíkuð þannig að fyrirtækjum, öðrum en fjármálafyrirtækjum, varð skylt að birta lykilárangursmælikvarða í samræmi við reglugerðina í heild sinni. Frá og með janúar 2024 hefur fjármálafyrirtækjum, bæði á Íslandi og innan ESB, verið skylt að birta upplýsingar um umhverfislega sjálfbærar eignir. Fjármálafyrirtæki þurfa gögn mótaðila sinna til að birta sína eigin lykilárangursmælikvarða um bæði hæfa og umhverfislega sjálfbæra starfsemi, sem skýrir þessa eins árs seinkunn á birtingu lykilárangursmælikvarða fyrir fjármálafyrirtæki. Á Íslandi tók reglugerðin gildi fyrst á árinu 2023 sem þýðir að íslensk fyrirtæki birta upplýsingar í samræmi við flokkunarkerfið í fyrsta sinn á árinu 2024, ólíkt öðrum fyrirtækjum innan ESB sem hafa gert það síðan í ársreikningi fyrir reikningsárið 2021.

# Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy), frh.

---

## Eignir innan umfangs lykilárangursmælikvarða

Hlutfall grænna eigna (e. green asset ratio, GAR) er lykilárangursmælikvarði fjármálafyrirtækja. Mælikvarðinn sýnir hlutfall af eignum fjármálafyrirtækis sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.e. eignir sem teljast umhverfislega sjálfbærar, sem hlutfall af heildarumfangi eigna í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178.

Upplýsingar SÍL 2 hs. í tengslum við flokkunarkerfið eru birtar á grundvelli þeirrar skyldu að aðilum sem ber skylda að skila upplýsingum skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 þar sem SÍL 2 hs. telst eining tengd almannahagsmunum í ljósi útgáfu skuldabréfa sjóðsins.

Ársreikningaskrá tilkynnti þann 18. janúar 2024 á vefsíðu sinni takmarkaða undanþágu frá birtingu upplýsinga í viðeigandi sniðmátum fjármálafyrirtækja að því marki að ekki eru til staðar viðeigandi og/eða áreiðanlegar upplýsingar. Þar sem lítil sem engin reynsla er komin á Íslandi í upplýsingagjöf í tengslum við flokkunarkerfið og gögn sem þarf til útreikninga á lykilárangursmælikvörðum aðeins tiltæk að litlum hluta, þá birtir SÍL 2 hs. samþjappaða útgáfu af sniðmátum 1 og 3 úr Viðauka VI. við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 um efni og framsetningu upplýsinga sem birta skal í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi (e. Disclosure Delegated Act) og er öðrum töflum úr þeim viðauka sleppt vegna skorts á gögnum.

# Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy), frh.

Eignir	2023				
	Heildarvirði	Hlutfall af heildarumfangi eigna	Hæfar eignir (sem flokkunarkerfið nær yfir)	Hlutfall hæfra eigna af heildarumfangi eigna, %	Umhverfis-sjálfbærar eignir (falla að flokkunar-kerfinu)*
<b>Umfang eigna í bæði nefnara og teljara</b>					
Lán og fyrirgreiðslur, skuldagerningar og hlutabréfagerningar sem ekki eru ætluð til veltuviðskipta, en eru hæf fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna	0				
<b>Fjármálafyrirtæki</b>	<b>0</b>				
þar af lánastofnanir					
þar af önnur fjármálafyrirtæki					
Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki sem falla undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	0				
<b>Heimili</b>	<b>0</b>				
þar af lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði					
þar af lán til endurnýjunar bygginga					
þar af lán vegna kaupa á vélknúnu ökutæki**					
<b>Fjármögnun sveitarfélaga</b>	<b>0</b>				
Fjármögnun húsnæðis					
Önnur fjármögnun sveitarfélaga					
Trygging sem fengin er með yfirtöku á: íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði					
<b>Heildar GAR eignir</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	
<b>Aðrar eignir sem undanskildar eru úr teljara fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna (sem falla undir nefnarann)</b>					
Lítill og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (önnur en lítill og meðalstór fyrirtæki) sem falla ekki undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	7.022.422				
Mótaðilar utan Sambandsins sem falla ekki undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	0				
Afleiður	0				
Reiðufé og reiðufjártengdar eignir	12.410				
Aðrar eignir	1.347				
<b>Heildarumfang eigna (e. total covered assets)</b>	<b>7.036.179</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	
<b>Aðrar eignir sem ekki falla undir útreikning á hlutfalli grænna eigna</b>					
Ríki	0				
Áhættuskuldbinding seðlabanka	0				
Veltubók	0				
<b>Heildareignir</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	

\* á grundvelli lykilárangursmælikvarða veltu fyrir mótaðila